23. desember 2021 | Aðsent efni | 470 orð | 1 mynd

Strandveiðar gulls ígildi fyrir sjávarútveginn

Eftir Örn Pálsson

Eftir Örn Pálsson: "...greypt í sál fjölmargra þeirra sem stunda eða stundað hafa fiskveiðar að láta drauminn rætast, kaupa sér smábát og verða sjálfstæðir útgerðaraðilar."



Örn Pálsson

Árið 2009 urðu landsmenn þeirrar gæfu aðnjótandi að Alþingi samþykkti að koma á veiðikerfi sem heimilar handfæraveiðar í atvinnuskyni án þess að eiga kvóta. Þeim útgerðum sem mestar höfðu aflaheimildirnar mislíkaði ákvörðunin og þentu á að verið væri að rýra þeirra hlut. Í dag er þetta viðhorf vart að finna nema hjá örfáum aðilum. Flestum sem starfa við sjávarútveginn er löngu ljóst hversu strandveiðar hafa auðgað mannlíf, tilveru og þjónustu hinna dreifðu byggða. Fjölmargar hafnir fyllast af smábátum yfir sumarið, þaðan sem þeir streyma á miðin árla morguns og landa árangri dagsins síðar sama dag. Líf og fjör við höfnina. Smábátarnir koma inn til löndunar, gestir og gangandi forvitnast um aflabrögðin, þar sem sjá má nýveiddan þorsk baðaðan ís og oftar en ekki ánægða sjómenn með dagsverkið.

„Takmarkanir“

Veður og fiskgengd á grunnslóð eru stærstu þættirnir sem takmarka veiðar með handfærum. Auk þeirra ákváðu stjórnvöld að stýra því magni sem veitt yrði með eftirfarandi takmörkunum:
Lengd róðurs að hámarki 14 klukkustundir

Hámarksafli í hverjum róðri 774 kg af þorski (650 þorskígildi)

Óheimilt að nota fleiri en fjórar rúllur við veiðarnar

Veiðar óheimilar á föstudögum, laugardögum og sunnudögum

Róðrafjöldi takmarkaður við 12 í hverjum mánuði.

Það er ekki á færi allra að stunda sjómennsku við slíkar takmarkanir og að sjálfsögðu ekki öllum gefið að fiska og gera út bát með þeim kostnaði sem því fylgir. Það er aftur á móti greypt í sál fjölmargra þeirra sem stunda eða stundað hafa fiskveiðar að láta drauminn rætast, kaupa sér smábát og verða sjálfstæðir útgerðaraðilar.

„Mikill áhugi og atvinnusköpun“

672 bátar stunduðu strandveiðar á liðnu sumri. Alls fóru þeir í 18 þúsund róðra á þeim fjórum mánuðum, maí-ágúst, sem leyfið til strandveiða nær til. Hundruð starfa skapast þannig á sjó og hjá vinnslum og þjónustuaðilum um land allt.
Áhugi fyrir strandveiðum gengur í bylgjum eins og í öðrum atvinnugreinum. Um þessar mundir er hann mikill eins og tölur síðastliðins sumars bera með sér. Karlar og konur á öllum aldri stunda strandveiðar, konunum mætti gjarnan fjölga í stéttinni.

„Tryggja verður 48 daga“

Undanfarin tvö sumur hefur auk fyrrgreindra takmarkana verið gripið inn í veiðarnar áður en ágúst er allur. Veiðar voru stöðvaðar 19. ágúst 2020 og 18. ágúst í ár. Saman fór góð veiði og gæftir þannig að heildarafli náði því magni sem ætlað var til veiðanna. Þessu verður að breyta svo jafnræðis verði gætt. Öllum, hvar á landinu sem þeir gera út, þarf að tryggja 48 daga á strandveiðum, 12 í hverjum mánuði.

„Ímyndin“

Ímynd sjávarútvegs á Íslandi væri heldur fátækleg ef öflugrar smábátaútgerðar nyti ekki við. Hér væru að öðrum kosti örfá skip sem veiddu allt það sem heimilt væri að taka úr auðlindinni hverju sinni. Slíkt umhverfi, sem sumir segja bestu hagfræðina, hagræðinguna, má aldrei líta dagsins ljós.
Öflug útgerð smábáta er tákn um heilbrigðan sjávarútveg.

Höfundur er framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda orn@smabatar.is

Til baka Leita í greinasafni Prenta grein © Höfundaréttur

mbl.is/Árvakur hf. © 2021 | Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími 569-1100

Fréttadeild mbl.is | Tæknideild mbl.is